

Gefðu 10

Ekki bíða, byrjaðu strax!

Gefðu 10 er einföld aðferð ætluð til þess að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál.

Þegar við gefum 10 er verið að leggja áherslu á að kenna þann orðaforða sem börnin eru að nota hverju sinni.

Þegar hinn fullorðni á frumkvæði að samskiptum við barnið fær það fleiri jákvæð og málörvandi tækifæri í leik og frjálsum aðstæðum.

Með því að gefa 10 er verið að auka tækifæri barna til virkrar þátttöku í barnahópum.



Notaðu þennan stuðning þegar þú gefur 10:

- Ég geri og segi (kennarinn sýnir og lýsir með orðum)
- Við gerum (kennarinn framkvæmir með barninu og lýsir með orðum)
- Þú gerir (barnið framkvæmir og kennarinn/barnið lýsir með orðum)